

FUNDARGERÐ

Hópur: Starfshópur um starfsemi Vinjar

3. fundur

Efni fundar: Fundargerð starfshóps um starfsemi Vinjar

Viðstaddir: Aðalbjörg Traustadóttir, Sigprúður Erla Arnardóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Garðar Sölvi Helgason.

Gestir: Þórður Ingbórsson og Brynja Rut Vilhjálmsdóttir

Fundardagur: 14. febrúar 2023

Tími: 14:30-16:00

Fundarstaður: Hof, Borgartúni 12-14

1. Farið yfir fundargerðir fyrstu tveggja funda starfshópsins og þær samþykktar með breytingum.
2. Fulltrúar Dvalar og Lækjar mæta á fundinn og gefa innsýn inn í starfsemi þessara staða og þá breytingavinnu sem hefur átt sér stað.

Hafnarfjarðarbær tekur við Læk árið 2018 og var strax farið í breytingavinnu. Óskað eftir meiri virkni og fjölbreyttara vali. Fluttu nýlega í annað húsnæði sem auðveldar að það sé hægt að bjóða upp á fjölbreyttara val og fjölbreyttari notendahóp. Ljóst að þau muni þróa starfsemina enn frekar í nýju húsnæði. Daglegir gestir eru fjölbreyttur hópur. Markhópurinn eru einstaklingar sem eru einmana óháð fötlun. Það hafa komið upp fordómar þegar einstaklingar með meiri hamlanir hafa mætt en unnið hefur verið með það. Fólk mætir bara og þarf ekki að skrá sig. Mikilvægt að hafa heimilisbrag – það er alltaf leitast við að hvetja og efla fólk við virknina. Bjóða upp á heitan mat í hádeginu oft mesta flæði í kringum þann tíma. Kostnaður vegna matar er rétt tæpar 1000 krónur fyrir hvern einstakling.

Breytingafasanum fylgdu ákveðnir erfiðleikar en nú hefur myndast gott jafnvægi. Breytingarnar leiddu ekki til brottfalls heldur aukningar. Fólk er að staldra lengur við og líður almennt vel. Þjónustan er notendastýrð og reglulega eru haldnir fundir þar sem lagðar eru línur að starfinu í framhaldinu.

Kópavogur:

Forstöðumaður Örva og Þórður hjá Dvöl hafa verið að skoða að fara í samstarf en þetta er á frumstigum og þá er jafnvel verið að skoða að byggja nýtt húsnæði. Starfsemi Dvalar hefur verið svo gott sem óbreytt frá árin 1998 þrátt fyrir að notendahópurinn hafi mikið breyst. Áður voru eldri konur í meirihluta en eru nú yngri karlar. Markhópurinn er einmana fólk. Ópið fyrir alla en eru í samstarfi við félagsráðgjafa sem starfa hjá Kópavogsbæ og því er fólk oft beint til þeirra .

Sigprúður bendir á að þeir sem sækja Aflagranda séu fjölbreyttari hópur heldur en sækir aðrar félagsmiðstöðvar í borginni .

Garðar bendir á að það sé galli að þegar það á að blanda fólk saman þá mætir hann skilningsleysi sem leiðir til þess að hann dregur sig í hlé og kýs að vera heima í staðinn.

Þórður bendir á að það gangi ekki að setja hóp inn í aðra starfsemi – það þurfa allir að byrja á núlli og byrja upp á nýtt.



Ebba bendir á að það þurfi að búa til eitthvað nýtt þar sem hægt er að halda í þessa menningu sem Halldóra hefur skapað í Vin. Halldóra tekur undir þetta með menninguna og telur að það sé lykilatriði.

Garðar segir að kærleikur sé það sem honum þykir lýsa Vin best.

Allir sammála um að það væri áhugavert að skoða að vinna meira saman á milli sveitarfélaga.

3. Starfshópurinn ræðir að gott væri að fá Óla forstöðumann í Lautinni á Akureyri inn á næsta fund til þess að kynna starfið þar.
4. Starfshópurinn sammála um að stefna á vettvangsferð í Læk og Dvöl þriðjudaginn 28. febrúar. Ákveðið að fara fyrst að skoða Dvöl og fara það í Læk. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag heimsóknanna verður sent út síðar.